

Reykjavík 6. apríl 2021

Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Efni: Athugasemdir Arnarlax ehf. við tillögu Umhverfisstofnunar að starfsleyfi Háafells ehf. fyrir sjókvíaeldi á laxi í Ísafjarðardjúpi - UST202003-441

Vísað er til auglýsingar Umhverfisstofnunar, þann 9. mars 2021, þar sem kynnt var tillaga Umhverfisstofnunar að starfsleyfi Háafells ehf. fyrir sjókvíaeldi á laxi í Ísafjarðardjúpi.

Um er að ræða eldi með allt að 6.800 tonna hámarkslífmassa á hverjum tíma eins og segir í auglýsingunni. Tillagan er byggð á matsskýrslu frá 9. október 2020

Í auglýsingunni kemur fram að athugasemdir skuli vera skriflegar og sendar Umhverfisstofnun á ust@ust.is, merkt UST202003-441 og að frestur til að skila inn athugasemdum sé til og með 7. apríl 2021.

Eftirfarandi eru athugasemdir Arnarlax við auglýsta tillögu Umhverfisstofnunar:

A. Ólögmeeta málsmeðferð Skipulagsstofnunar við útgáfu álits um matsskýrslu Háafells

1. Málsmeðferð Skipulagsstofnunar

Arnarlax lagði fram matsskýrslu vegna sjókvíaeldis í Ísafjarðardjúpi, þann 12. ágúst 2020, í samræmi við lög nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum. Tveir aðrir framkvæmdaraðilar lögðu síðar fram matsskýrslur vegna sjókvíaeldis í Ísafjarðardjúpi. Þannig lagði Arctic Sea Farm hf. fram matsskýrslu þann 7. september 2020 eða tæpum fjórum vikum eftir að matsskýrslu Arnarlax var skilað til Skipulagsstofnunar. Þá lagði Háafell fram matsskýrslu þann 9. október 2020 eða rúmum átta vikum eftir að Arnarlax lagði fram sína matsskýrslu.

Þann 22. desember 2020 gaf Skipulagsstofnun út lögbundið álit sitt á matsskýrslu Háafells þrátt fyrir að sú matsskýrsla hefði verið lögð fram tveimur mánuðum á eftir matsskýrslu Arnarlax. Þann 29. janúar 2021 gaf Skipulagsstofnun út álit sitt á matsskýrslu Arctic Sea Farm en sú matsskýrsla hafði verið lögð fram mánuði á eftir matsskýrslu Arnarlax.

Það var svo ekki fyrr en 19. febrúar sl. eða rúmu hálfu ári eftir að Arnarlax hafði lagt fram matsskýrslu sína að Skipulagsstofnun skilaði álitinu um þá matsskýrslu.

2. Réttaráhrif ákvörðunar Skipulagsstofnunar um seinkun álits um matsskýrslu Arnarlax

Með því að ákveða að flýta afgreiðslu álita tiltekinna framkvæmdaraðila vegna sjókvíaeldis í Ísafjarðardjúpi og seinka lögbundnu álitinu um matsskýrslu Arnarlax vegna sjókvíaeldis í sama firði gaf Skipulagsstofnun Háafelli annars vegar og Arctic Sea Farm hins vegar tækifæri á að skila "fullnægjandi" umsóknum um starfs- og rekstrarleyfi fyrir sjókvíaeldi í Ísafjarðardjúpi í samræmi við lög nr. 71/2008, um fiskeldi, á undan Arnarlaxi. Ástæða þessa er sú að lögbundið álit Skipulagsstofnunar um matsskýrslu framkvæmdaraðila í Ísafjarðardjúpi er forsenda þess að umsóknir um starfs- og rekstrarleyfi verða teknar til afgreiðslu hjá annars vegar Umhverfisstofnun og hins vegar Matvælastofnun. Áskilnaður um að lögbundið álit Skipulagsstofnunar skuli liggja fyrir áður en

Umhverfisstofnun eða Matvælastofnun tekur umsókn til afgreiðslu kemur skýrt fram í 4. gr. b. laga nr. 71/2008, um fiskeldi, en þar segir í 1. mgr. og 2. mgr.:

„Til starfrækslu fiskeldisstöðva þarf starfsleyfi Umhverfisstofnunar og rekstrarleyfi Matvælastofnunar.

Þegar ákvörðun Skipulagsstofnunar, eða eftir atvikum hlutaðeigandi sveitarstjórnar, um að framkvæmd sé ekki matsskyld eða álit stofnunarinnar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar liggur fyrir skal umsækjandi afhenda Matvælastofnun umsóknir um leyfi skv. 1. mgr. og skulu þær afgreiddar samhliða, sbr. þó 2. mgr. 17. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000.“
[Leturbreyting undirritaðs]

Í 3. mgr. sömu greinar segir síðan að Matvælastofnun skuli framsenda umsókn um starfsleyfi fyrir eldi ferskvatns- og sjávarlífvera til Umhverfisstofnunar til meðferðar samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Samkvæmt 13. gr. laga nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum er óheimilt er að gefa út leyfi til framkvæmdar skv. 5. eða 6. gr. laga nr. 106/2000 fyrr en álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir eða ákvörðun um að framkvæmd skv. 6. gr. sé ekki matsskyld.

Samkvæmt framansögðu er það frumskilyrði fyrir útgáfu starfsleyfis til fiskeldis að fyrir liggja álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Umhverfisstofnun hefur nú unnið tillögu að starfsleyfi fyrir Háafell fyrir sjókvíaeldi á frjóum laxi og ófrjóum laxi í Ísafjarðardjúpi og hefur birt efni þessarar tillögu með auglýsingu, dags. 9. mars 2021. Samkvæmt auglýsingunni hyggst Umhverfisstofnun miða stjórnsýslulega meðferð fyrirbyggjandi þriggja umsókna um starfsleyfi fyrir sjókvíaeldi í Ísafjarðardjúpi við dagsetningar á álitum Skipulagsstofnunar. Þannig ráði núverandi dagsetningar álita Skipulagsstofnunar í hvaða röð starfsleyfi verði veitt og hvert efni og skilyrði þeirra verði. Afleiðingar þessa verða ekki einasta þær að eldistarfsemi Arnarlax í Ísafjarðardjúpi muni seinka heldur muni starfsleyfi sem gefið verður út til handa fyrirtækinu ekki verða í samræmi við réttmætar væntingar fyrirtækisins og meðal annars einskorðast við eldi á ófrjóum laxi en ekki frjóum laxi eins og væntingar stóðu til.

3. Lagasjónarmið vegna málsmeðferðar Skipulagsstofnunar

Samkvæmt 11. gr. laga nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, skal Skipulagsstofnun innan fjögurra vikna frá því að stofnunin tekur á móti matsskýrslu gefa rökstutt álit sitt á því hvort skýrslan uppfylli skilyrði laganna og reglugerða settra samkvæmt þeim. Skipulagsstofnun bar því í síðasta lagi þann 9. september 2020 að gefa álit sitt um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar Arnarlax.

Skipulagsstofnun virti hins vegar að vettugi hinn lögbundna frest stofnunarinnar til álitsgjafar. Arnarlax óskaði ítrekað eftir upplýsingum um meðferð málsins frá Skipulagsstofnun og hvenær vænta mætti niðurstöðu. Aldrei bárust skýr svör um hvenær vænta mætti niðurstöðu og voru forráðamenn Arnarlax aldrei upplýstir um málefnalegar ástæður þess að afgreiðsla málsins dróst.

Fyrir það fyrsta braut stofnunin alvarlega gegn þeim lögbundna fresti sem hún hefur samkvæmt 11. gr. laga nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, en í stað fjögurra vikna tók stofnunin sér rúmlega 27 vikna frest til að gefa út álit sitt.

Í annan stað braut Skipulagsstofnun gegn grundvallarreglum stjórnsýsluréttarins um tímaröð erinda með því að gefa út, eins og að framan greinir, lögbundið álit sitt vegna matsskýrslna tveggja annarra framkvæmdaraðila á undan álitum á matsskýrslu Arnarlax. Þetta gerði Skipulagsstofnun enda þótt stofnunin hafi í tölvupósti til Arnarlax, þann 7. október 2020, lýst því yfir að *“farið sé í vinnslu mála eftir tímaröð”*.

4. Rannsóknaskylda Umhverfisstofnunar

Leggur Arnarlax áherslu á að á Umhverfisstofnun hvílir sú sjálfstæða skylda að sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin í því sbr. 10. gr. stjórnslulaga. Þannig hvílir sú skylda á Umhverfisstofnun að rannsaka málsmeðferð Skipulagsstofnunar í þessu tilliti. Um rannsóknaskyldu Umhverfisstofnunar þegar starfsleyfisveiting byggir á mati á umhverfisáhrifum fer eftir 13. gr. laga nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum. Um frekari túlkun á þessu lagaákvæði má vísa til niðurstöðu úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í máli nr. 6/2018, þar sem felld var úr gildi ákvörðun Umhverfisstofnunar frá 13. desember 2017 um að veita starfsleyfi fyrir 10.700 tonna ársframleiðslu á laxi í sjókvíum í Patreksfirði og Tálknafirði en þar segir meðal annars:

„Skyldur leyfisveitanda ná því einnig til þess að kanna hvort einhverjir þeir annmarkar séu á álit Skipulagsstofnunar að á því verði ekki byggt. Lýtur lögmætiseftirlit úrskurðarnefndarinnar að hinu sama, sem og því hvort leyfisveitandi hafi sinnt skyldum sínum með fullnægjandi hætti.“

Ennfremur segir í niðurstöðu úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála:

„Að teknu tilliti til nefnds ágalla og markmiða þeirra sem að er stefnt með mati á umhverfisáhrifum gat matsskýrsla framkvæmdaraðila og álit Skipulagsstofnunar á henni ekki verið lögmætur grundvöllur fyrir ákvörðun um veitingu leyfa til framkvæmda, s.s. þess rekstrarleyfis sem hér er deilt um. Bar Umhverfisstofnun, sem því stjórnvaldi sem hið kærða leyfi veitti, skylda til að tryggja að málið væri nægilega upplýst, sbr. 10. gr. stjórnslulaga, en í því felst að gæta að því að lögbundið álit Skipulagsstofnunar sé nægilega traustur grundvöllur leyfisveitingar.....Í þessu sambandi skal áréttað að ekki einungis hvílir á leyfisveitendum sjálfstæð rannsóknarskylda heldur líka sú skylda að taka rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar. Svo sem áður greinir þarf það álit að fullnægja lágmarksskilyrðum um rökstuðning og efnisinnihald og ná skyldur leyfisveitanda skv. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 106/2000 því ekki einvörðungu til þess að taka afstöðu til þeirra efnislegu niðurstaða sem í álitinu felast heldur einnig til þess að kanna hvort aðrir annmarkar geti verið til staðar, s.s. að skort hafi á umfjöllun um valkosti og umhverfisáhrif þeirra og gerður nauðsynlegur samanburður.“

Um rannsóknarskyldu leyfisveitanda þegar leyfisveiting byggir á mati á umhverfisáhrifum má jafnframt vísa til dóms Hæstaréttar í máli nr. 575/2016, þar sem ógilt var ákvörðun sveitarfélagsins Voga um að veita Landsneti hf. framkvæmdaleyfi til að reisa flutningsvirkið Suðurnesjalínu. Voru kröfur byggðar á því að við meðferð málsins hefðu verið brotnar ýmsar reglur laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, skipulagslaga nr. 123/2010 og stjórnslulaga nr. 37/1993, meðal annars með því að ekki hefði verið rannsakað sem skyldi þann kost að leggja línuna í jörðu en ekki í lofti. Í dómi Hæstaréttar var vísað til þess að matsferlið og umhverfismatsskýrslan hafi ekki uppfyllt þann áskilnað sem gerður er í lögum um mat á umhverfisáhrifum, skipulagslögum og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Samkvæmt því gátu matsskýrsla Landsnets hf. og álit Skipulagsstofnunar um skýrsluna ekki verið lögmætur grundvöllur undir ákvörðun sveitarfélagsins um veitingu framkvæmdaleyfisins sem samkvæmt því var reist á röngum lagagrundvelli.

5. Andmæli Arnarlax vegna málsmeðferðar Skipulagsstofnunar

Af framangreindu er ljóst að málsmeðferð Skipulagsstofnunar við afgreiðslu matskýrslna vegna sjókvíaeldis í Ísafjarðardjúpi og útgáfu lögbundinna álita stofnunarinnar vegna þeirra er haldin mjög verulegum annmörkum. Þannig hafi verið brotið gegn lögum nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum og grundvallarreglum stjórnsluréttarins, m.a. jafnræðisreglu og málshraðareglu við málsmeðferð stofnunarinnar.

Ber Umhverfisstofnun að taka tillit til framkominna athugasemda Arnarlax og rannsaka sjálfstætt hvort að stjórnýsla Skipulagsstofnunar, sem lögð er til grundvallar fyrirhuguðum stjórnvaldsákvörðunum stofnunarinnar sé lögum samkvæmt.

Í ljósi alls þessa er því harðlega mótmælt að Umhverfisstofnun byggi stjórnvaldsákvæðanir sínar um útgáfu starfsleyfa fyrir sjókvíaelði í Ísafjarðardjúpi á ólögmætri stjórnýslu Skipulagsstofnunar og láti þannig núverandi dagsetningar álita Skipulagsstofnunar ráða í hvaða röð starfsleyfi verði veitt og hvert efni og skilyrði þeirra verði.

Arnarlax bendir á að Skipulagsstofnun hafi komið í veg fyrir að Arnarlax gæti fyrstur umsækjanda skilað *“fullnægjandi”* umsókn um starfsleyfi fyrir sjókvíaelði í Ísafjarðardjúpi í samræmi við 4. gr. b. gr. laga nr. 71/2008, um fiskeldi, með þeim réttaráhrifum sem því fylgja og lýst er hér að framan.

Arnarlax krefst þess að framangreint ástand verði leiðrétt í samræmi við lög.

B. Hámarkslífmassi á frjóum og ófrjóum laxi ekki tilgreindur í tillögu að starfsleyfi

Í auglýstri tillögu Umhverfisstofnunar að starfsleyfi Háafells fyrir eldi laxfiska í Ísafjarðardjúpi segir að hámarkslífmassi á hverjum tíma megi ekki fara yfir 6.800 tonn og ekki sé heimilt að vera með frjóan lax á tveimur af þremur leyfilegum tilgreindum sjókvíaeldissvæðum. Í tillögu Umhverfisstofnunar að starfsleyfi er þannig ekki tilgreindur sérstakur hámarkslífmassi fyrir frjóan lax annars vegar og ófrjóan lax hins vegar enda þótt tillaga stofnunarinnar geri ráð fyrir að leyfishafi hafi heimid til að nota ófrjóan lax í eldinu. Tillaga Umhverfisstofnunar að starfsleyfi er þannig samhljóða tillögum Matvælastofnunar að rekstrarleyfum Háafells í Ísafjarðardjúpi.

Arnarlax telur að slík sameiginleg tilgreining á hámarkslífmassa í starfs- og rekstrarleyfi fyrir frjóan og ófrjóan lax sé ekki í samræmi við lög nr. 71/2008, um fiskeldi. Þannig sé nauðsynlegt að lífmassi fyrir ófrjóan lax sé tilgreindur í bæði rekstrar- og starfsleyfi vegna lagakrafna í 2. mgr. bráðbirgðaákvæði IV. laga nr. 71/2008 en í ákvæðinu segir meðal annars:

*“Hafi rekstrarleyfishafi ekki hafið eldi á ófrjóum laxi innan fimm ára frá útgáfu rekstrarleyfisins skal Matvælastofnun fella leyfið niður. Hafi rekstrarleyfishafi **ekki nýtt helming eða meira af leyfilegum lífmassa rekstrarleyfis á ófrjóum laxi innan sjö ára frá útgáfu rekstrarleyfisins skal Matvælastofnun lækka heimilaðan lífmassa í rekstrarleyfi sem hinu ónýtta magni nemur.** [Leturbreyting undirritaðs]*

Samkvæmt ákvæðinu er Matvælastofnun skylt að lækka leyfilegan lífmassa rekstrarleyfis fyrir ófrjóan laxi ef hann er ekki nýttur í samræmi við ákvæðið. Þar sem leyfilegur hámarkslífmassi fyrir ófrjóan lax er ekki tilgreindur í tillögu að rekstrarleyfi FE-1171b er ekki hægt að framfylgja ákvæðinu. Jafnframt er heimilt samkvæmt sama ákvæði að úthluta að nýju leyfilegum lífmassa rekstrarleyfis fyrir ófrjóan lax ef slíkt rekstrarleyfi fellur niður vegna þess að það er ekki notað. Af sömu ástæðu og ofan greinir er ekki hægt að framfylgja þessu lagaákvæði. Sama virðist eiga við um breytingar á rekstrarleyfum samkvæmt 24. gr. reglugerðar nr. 540/2020, um fiskeldi, þegar gera á breytingar á áhættumati erfðablöndunar en þar segir

*“Séu fleiri en einn rekstrarleyfishafi á svæði þar sem breytingar á áhættumati eða burðarþolsmati hafa áhrif til aukningar eða minnkunar skal lífmassi breytast hlutfallslega **miðað við tilgreint hámarksmagn í rekstrarleyfi** [Leturbreyting undirritaðs] og viðauka við rekstrarleyfi ef við á.”*

Arnarlax bendir jafnframt á að samkvæmt 20. gr. e. laga nr. 71/2008, um fiskeldi skal greiða árgjald í Umhverfissjóð sjókvíaeldis. Gjaldið er mismunandi eftir því hvort um sé að ræða eldi á frjóum laxi eða ófrjóum. Samkvæmt ákvæðinu skal rekstrarleyfishafi sem elur frjóan lax í sjókvíum greiða árlegt gjald að upphæð 20 SDR fyrir hvert tonn sem heimilt er að framleiða samkvæmt rekstrarleyfi. Rekstrarleyfishafi sem elur hins vegar ófrjóan lax skal greiða árlegt gjald að upphæð 10 SDR fyrir hvert tonn sem heimilt er að framleiða samkvæmt rekstrarleyfi. Þar sem gjaldið reiknast af

leyfilegum lífmassa rekstrarleyfis en ekki framleiðslu og leyfilegur lífmassi tillagna Matvælastofnunar að rekstrarleyfum Háafells er sameiginlegur fyrir frjóan og ófrjóan lax er ekki hægt að skipta gjaldinu milli frjós lax og ófrjós.

Í ljósi framangreindra lagaákvæða og stjórnvaldsreglna er nauðsynlegt að tilgreina lífmassa fyrir frjóan og ófrjóan lax í rekstrarleyfi. Komi til þess að Matvælastofnun skerði leyfilegan lífmassa fyrir ófrjóan lax eða felli rekstrarleyfi fyrir ófrjóan lax niður verður nauðsynlegt fyrir Umhverfisstofnun að bregðast við til samræmis við breytt rekstrarleyfi.

Í ljósi alls framangreinds og þar sem auglýst tillaga Umhverfisstofnunar að starfsleyfi Háafells er samhljóða tillögum Matvælastofnunar að rekstrarleyfum í þessu tilliti er nauðsynlegt að tilgreina lífmassa fyrir frjóan og ófrjóan lax í starfsleyfi með sama hætti og í rekstrarleyfi. Auglýst tillaga Umhverfisstofnunar um starfsleyfi til handa Háafelli, sem heimilar hámarkslífmassa fyrir samtals 6.800 tonn af frjóum laxi og ófrjóum laxi á hverjum tíma án frekari aðgreiningar getur þannig samkvæmt framansögðu ekki talist samrýmast lögum nr. 71/2008, um fiskeldi.

C. Úthlutun á lífmassa fyrir frjóan lax í Ísafjarðardjúpi

Í auglýstri tillögu Umhverfisstofnunar að starfsleyfi Háafells í Ísafjarðardjúpi er óljóst hver hámarkslífmassi fyrir frjóan lax annars vegar og ófrjóan lax hins vegar er. Svo virðist sem Háafell geti á einhverjum tímapunkti alið allt að 6.800 tonn af frjóum laxi miðað við orðalag tillögu að starfsleyfi enda þótt það sé ekki skýrt. Jafnframt er bagalegt að ekki liggja fyrir skýr skrifleg afstaða Matvælastofnunar eða eftir atvikum annarra stjórnvalda um það hvernig úthlutun frjós og/eða ófrjós lax verði háttáð í samræmi vð útgefið áhættumat erfðablöndunar og hvaða lagasjónamið liggja þar að baki.

Ef túlka á tillögu Umhverfisstofnunar að starfsleyfi fyrir frjóan lax þannig að Háafell hafi heimild á einhverjum tímapunkti til að ala allan leyfilegan lífmassa rekstrarleyfisins, 6.800 tonn, sem frjóan lax, er þeirri ákvörðun Umhverfisstofnunar mótmælt. Samkvæmt slíkri úthlutunarreglu mun sá umsækjandi sem telst fyrstur í röð umsækjanda, þar sem hann skilar inn *“fullnægjandi”* umsókn um starfs- og rekstrarleyfi í Ísafjarðardjúpi, fá úthlutað öllum þeim lífmassa fyrir frjóan lax sem umsækjandi sótti um og áhættumat erfðablöndunar takmarkar ekki hvað varða eldissvæði eða magn. Að sama skapi mun sá umsækjandi sem síðastur er í röð umsækjenda til að skila inn *“fullnægjandi”* umsókn um starfs- og rekstrarleyfi í Ísafjarðardjúpi einungis fá heimild til að ala ófrjóan lax þar sem öllum leyfilegum lífmassa fyrir frjóan lax hefur þá þegar verið úthlutað til annarra umsækjanda framar í röðinni.

Arnarlax telur að miða eigi úthlutun og nýtingu leyfilegs lífmassa fyrir frjóan lax milli leyfishafa í Ísafjarðardjúpi við hlutfallsreglu. Þannig beri að úthluta frjóum laxi þannig að allir leyfishafar fái heimild til að ala frjóan lax í hlutfalli leyfilegs heildarlífmassa starfs- og rekstrarleyfis af heimiluðu burðarþoli fjarðarins, þ.e. ef leyfilegur heildarlífmassi starfs- og rekstrarleyfis er 10.000 tonn og hámarksburðarþol hafsvæðisins er 30.000 tonn verði hlutfallið 1/3. Samkvæmt þessari hlutfallsreglu fengi þessi tiltekni leyfishafi úthlutað 1/3 hluta leyfilegs lífmassa fyrir frjóan lax í Ísafjarðardjúpi eins og sá lífmassi er ákveðin af áhættumati erfðablöndunar á hverjum tíma.

Svo sem sjá má af greinargerð með 7. gr. frumvarpsins, sem varð að lögum nr. 101/2019, hefur löggjafinn gert ráð fyrir að nýting leyfilegs lífmassa fyrir frjóan og ófrjóan lax fari eftir hlutfallsreglu. Í greinargerðinni segir um þetta:

“Eldi ófrjórna laxa skuli halda aðgreindu frá eldi frjórna laxa. Af þessu leiðir að ef rekstrarleyfishafi ákveður að nota ófrjóan lax í eldinu getur hann nýtt leyfilegan lífmassa í þeim hlutföllum sem áhættumat erfðablöndunar kveður á um.”

Í 2.mgr. 24. gr. reglugerðar nr. 540/2020, um fiskeldi, er gert ráð fyrir sömu hlutfallsreglu við úthlutun lífmassa fyrir frjóan og ófrjóan lax þegar áhættumat erfðablöndunar breytist til hækkunar eða lækkunar en í ákvæðinu segir:

“Séu fleiri en einn rekstrarleyfishafi á svæði þar sem breytingar á áhættumati eða burðarþolsmati hafa áhrif til aukningar eða minnkunar skal lífmassi breytast hlutfallslega miðað við tilgreint hámarks magn í rekstrarleyfi og viðauka við rekstrarleyfi ef við á.”

Í ljósi framangreindra efnisákvæða laga og stjórnvaldsfyrirmæla þarf að liggja fyrir skýr lagaheimild fyrir Umhverfisstofnun til úthlutunar samkvæmt reglu sem fer gegn framangreindri hlutfallsreglu enda um að ræða íþyngjandi stjórnvaldsákvörðun af hálfu Umhverfisstofnunar.

Slík íþyngjandi ákvörðun myndi brjóta gegn 12. gr. stjórnisýslulaga um meðalhóf, sem kveður á um að stjórnvald skuli því aðeins taka íþyngjandi ákvörðun þegar lögmætu markmiði, sem að er stefnt, verður ekki náð með öðru og vægara móti. Skal þess þá gætt að ekki sé farið strangar í sakirnar en nauðsyn ber til.

Slík ákvörðun myndi jafnframt brjóta gegn jafnræðisreglu 11. gr. stjórnisýslulaga, sem segir að við úrlausn mála skulu stjórnvöld gæta samræmis og jafnræðis í lagalegu tilliti.

Arnarlax telur þannig að önnur úthlutunarregla en framangreind hlutfallsregla við úthlutun fyrir frjóan lax samkvæmt áhættumat erfðablöndunar sé ekki í samræmi við lög eða stjórnvaldsfyrirmæli og sé því ólöglegt.

D. Lokaorð

Eins og að framan greinir var málsmeðferð Skipulagsstofnunar við útgáfu álits um matskýrslu Háafells haldin mjög verulegum annmörkum og því ólöglegt. Brotið var gegn lögum nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum og grundvallarreglum stjórnisýsluréttar, m.a. jafnræðisreglu og málshraðareglu. Í ljósi þess sem rakið er í kafla A hér að framan telur Arnarlax að hafið sé yfir allan vafa að Umhverfisstofnun geti ekki byggt stjórnvaldsákvörðun sína um útgáfu starfsleyfis Háafells fyrir sjókvíaelði á ólögumatri stjórnisýslu Skipulagsstofnunar og verði því að falla frá auglýstri tillögu.

Arnarlax krefst þess að Umhverfisstofnun hlutist til um að framangreint ástand verði leiðrétt í samræmi við lög. Að öðrum kosti verða réttindi Arnarlax sem starfs- og rekstrarleyfishafa fyrir sjókvíaelði í Ísafjarðardjúpi fyrir borð borin með mjög miklu fjárhagslegu tjóni fyrir fyrirtækið og bótaskyldu fyrir ríkið.

Þó Arnarlax telji einsýnt að tillaga Umhverfisstofnunar að starfsleyfi Háafells fyrir sjókvíaelði á laxi í Ísafjarðardjúpi byggji á ólögumatri grundvelli setur Arnarlax jafnframt fram efnislegar athugasemdir við auglýsta tillögu svo öllu sé til haga haldið. Þær athugasemdir eru raktar í kafla B – C og varða efnislega annmarka á framsetningu á hámarks lífmassa fyrir frjóan og ófrjóan laxi í auglýstum tillögum og úthlutunarreglu lífmassa fyrir frjóan lax í Ísafjarðardjúpi.

Virðingarfyllt
F.h. Arnarlax ehf.



Baldur P Erlingsson